

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	BÓKF1DH05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2018	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennarl	Íris Ragnarsdóttir ira@vma.is	Sk.st.	ÍRA
----------------	-------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um grundvallaratriði tvíhliða bókhalds. Nemandanum er gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhaldsins. Algengustu reikningar eru kenndir fyrst og flokkun þeirra í eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Farið í dagbókarfærslur, prófjöfnuð, opnun og lokun höfuðbókar, tengsl hennar við dagbók og gerð einfalds efnahags- og rekstrarreiknings. FOB og CIF skilmálar útskýrðir og munurinn á eðli sölu- og innkaupakostnaðar. Farið yfir reglur um virðisaukaskatt og hvernig þeim er beitt í bókfærslunni. Unnið með reikningsuppgjör og lokun höfuðbókar með einföldum athugasemdum s.s. ógreiddum og fyrirfram greiddum kostnaði og vöxtum. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang. Nemandinn fær æfingu í notkun töflureiknis við færslu bókhaldsins.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum bókfærslu
- helstu lögum um bókhald
- sambandi dagbókar og höfuðbókar
- einföldustu aðgerðum töflureiknis

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- færa einfaldar dagbókarfærslur
- stilla upp prófjöfnuði
- færa niðurstöður dagbókar í aðalbók
- setja upp efnahags- og rekstrarreikning
- reikna út hagnað og tap
- gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil með einföldum athugasemdum
- gera upp virðisaukaskatt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta niðurstöður dagbókar til að setja upp tvíhliða bókhald
- færa einfaldar færslur í fjárhagsbókhaldi
- rökstyðja einstakar færslur í bókhaldi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	BÓKF1DH05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2018
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		


Námsgögn:

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (Útg. 2009 eða nýrri).
Ein dagbók og ein höfuðbók.

Áætlun um yfirferð:

Vika		Verkefni
4	Námsáætlun. Kynning á áfanganum. Hvað er bókhald? Tilgangurinn, bókhaldsbækur, reikningar, uppgjör, hagnaður og tap. Nokkrir algengir reikningar (læra vel).	Verkefni 1 og 2.
5	FOB og CIF, innkaupakostnaður, upprifjun.	Verkefni 3 og 4.
6	Nýir reikningar; sjóðsreikningur, vaxtatekjur, vaxtagjöld og einkareikningur.	Verkefni 5 og 6
7	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 7 og 8.
8	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 9 og 10
9	Kreditkort, reikningsjöfnuður með millifærslum, ógreidd gjöld í lok tímabils.	Verkefni 11 og 12.
10		Verkefni 13
11	Reikningsjöfnuður, fyrirfram greidd gjöld í lok tímabils.	Verkefni 14 og 15 dagbók.
12		Verkefni 15 (reikningsjöfnuður) og 16
13	Virðisaukaskatturinn.	Verkefni 17.
14-15	Virðisaukaskatturinn, áframhald.	Verkefni 18 og 19.
16-17	Dagbók og reikningsjöfnuður.	Verkefni 20 og 21.

Leiðbeiningabréf birtast nemendum í Moodle, en verkefnin vinna þeir í töflureikni (sheets) og vista hann á Google Drive og deila honum með kennara. Kennari fer yfir ákveðin verkefni þar og gerir athugasemdir ef með þarf.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	BÓKF1DH05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2018	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	<p>Á lokaprófi gildir dagbók 50%, reikningsjöfnuður 40% og höfuðbók 10%.</p> <p>Í dagbókarverkefnum og höfuðbókarverkefnum er 1 dreginn frá einkunn fyrir hverja villu.</p> <p>Til þess að vetrarvinna komi til einkunnar þarf nemandi að ná að minnsta kosti 4,0 á lokaprófinu.</p>		80%
Verkefni	Verkefni sem nemendur skila til kennara		20%
	Samtals:		100%

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 18. janúar 2018

Uris Ragnarsdóttir
Undirritun kennara

Katrin Stefánsdóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils